

Eyjafjarðarsveit
22.10.2026

Þormóðsstaðavirkjun og Núpárvirkjun

Skipulagslýsing

Eyjafjarðarsveit

COWI

Urðarhvarfi 6
S:422 3000
www.cowi.is

Þormóðsstaðavirkjun og Núpárvirkjun

Verknúmer	Document no.
A301129	1210
A301041	

Útgáfa	Dagsetning	Lýsing	Unnið af	Rýnir	Samþykkt
01	22.10.26	Skipulagslýsing	BV	VB/HE	HE

Efnisyfirlit

1 Lýsing fyrir skipulagsáætlun 4

1.1 Tilgangur lýsingar 5

1.2 Málsmeðferð og kynning lýsingar 5

2 Skipulagsáætlun 6

2.1 Sögulegt yfirlit 6

2.2 Forsendur breytinga 7

2.3 Staðhættir á skipulagssvæðinu 7

2.4 Fyrirhugaðar virkjanir 8

2.5 Landsskipulagsstefna 9

2.6 Svæðisskipulag 9

2.7 Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2025-2037 10

3 Efnistök breytinga á skipulagsáætlunum 12

4 Umhverfis og áhrifaþættir 13

5 Samráð og kynning 14

5.1 Skipulagsferli kynning og samráð 14

6 Heimildir 15

1 Lýsing fyrir skipulagsáætlun

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er unnin lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi fyrir uppbyggingu á tveimur virkjunum í Eyjafjarðarsveit í Sölvadal.

Skipulagsverkefnið nefnist: Þormóðsstaðavirkjun og Núpárvirkjun í Sölvadal.


Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum skipulagsins, fyrirliggjandi stefnu og áherslum sveitarstjórnar. Auk þess er greint frá staðháttum, fyrirhuguðum áherslum og áformuðum kynningar- og samráðsferlum.

Vinna við Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar endurskoðun 2025-2037 er í vinnslu. Kynning tillögu á vinnslustigi er lokið og auglýsing tillögu næsta skref. Þegar ferli auglýsingar tillögu er lokið og hefur verið staðfest er fyrirhugað að óska eftir breytingu á gildandi aðalskipulagi fyrir uppbyggingu á virkjununum tveimur. Það landsvæði þar sem gert er ráð fyrir virkjununum er flokkað sem landbúnaðarsvæði (L) í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar endurskoðun 2025-2037. Óskað verður eftir breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar þar sem landnotkun á svæðum virkjananna verður breytt í iðnaðarsvæði (I).

Tafla 1-1 Núverandi skipulagsforsendur sem koma fram í aðalskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
L	Óskilgr.	Eyjafjarðarsveit	Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.	Fjölbreyttur og sjálfbær landbúnaður.

Skipulagslýsing er unnin samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um tillögu að deiliskipulagi. Markmið breytingar á aðalskipulagi er að afmarka iðnaðarsvæði sem er skilgreint sem landbúnaðarland í gilandi aðalskipulagi.



Mynd 1-1 Helstu þættir skipulagsferlisins

1.1 Tilgangur lýsingar

Við gerð skipulagstillögu fyrir aðalskipulag þarf sveitarstjórn að taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir HMS, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um mótun tillögu þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram.

Skipulagslýsing er gerð til að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu, stuðla að aðgengi að upplýsingum og auka gagnsæi í ferlinu. Gerð og kynning skipulagslýsingar er á ábyrgð sveitarstjórnar og ætluð til að auka yfirsýn sveitarfélagsins og annarra sem koma að ferlinu á verkefninu og stuðla að markvissum vinnubrögðum.


Í lýsingu á jafnframt að gera grein fyrir hvernig staðið verður að umhverfismati við mótun skipulagstillögunnar, hvort heldur sem það byggir á skipulagslögum eða lögum um umhverfismat áætlana.

Tafla 1-2 Tímaáætlun umhverfismatsvinnu.

Verkefnishlutar	Tími
Skipulagslýsing lögð fram	Sveitarstjórn ákveður
Frestur almennings og umsagnaraðila til athugasemda	Sveitarstjórn ákveður
Yfirferð ábendinga og athugasemda	Fer eftir umfangi
Ákvörðun um gerð tillögu (mögulega á vinnslustigi) senda HMS til athugasemda	4 vikur
Auglýsing - frestur almennings og umsagnaraðila til athugasemda	4 vikur
Álit HMS um tillögu	4 vikur
Sveitastjórn leggur fram samþykkta tillögu til auglýsingar	Sveitastjórn ákveður
Tillaga auglýst hjá HMS - Skipulagsgátt	6 vikur
Yfirferð ábendinga og athugasemda	Fer eftir umfangi
Álit HMS um tillögu	4 vikur
Viðbrögð sveitarstjórnar	Sveitarstjórn ákveður
Afgreiðsla, samþykkt og staðfesting tillögu	4 vikur

1.2 Málsmeðferð og kynning lýsingar

Að lokinni umfjöllun skipulags- og framkvæmdaráðs og sveitarstjórnar, eftir atvikum, er lýsingin kynnt með áberandi hætti. Lýsingin er auglýst í skipulagsgátt HMS þar sem hún er aðgengileg og hægt er að senda inn umsagnir, athugasemdir og ábendingar. Í skipulagsgátt kemur fram innan hvaða tímafrests er hægt að skila inn umsögnum, ábendingum og athugasemdum.



Mynd 1-2 Ferli og málsmeðferð lýsingar.

2 Skipulagsáætlun

2.1 Sögulegt yfirlit

Sölvadalur er dalur innst í Eyjafirði, austan við Eyjafjarðardal. Byggð þar á sér líklega rætur allt aftur til landnámsaldar og tengist að öllum líkindum landnámi Helga magra. Sölvadalur hefur frá upphafi búsetu verið nýttur til búskapar, einkum sauðfjár- og nautgriparæktar. Þrátt fyrir að landkostir væru víða góðir var Sölvadalur jafnan talinn harðbýll sökum aðgengi og hættu. Í Sölvadal getur safnast fyrir mikill snjór með tilheyrandi snjóflóðahættu. Náttúruvá getur einnig verið af völdum skriðufalla eins og sögur fara af í dalnum. Þá eru samgöngur erfiðar og hafa sett mark sitt á búsetu og mannlíf í dalnum. Í Sölvadal voru mest níu bæir í byggð sem dreifðust um dalinn. Á þeim tíma var ákveðið öryggi í þeirri búsetu og samfélag virkt í dalnum miðað við frásagnir íbúa á þeim tíma.

Ólíkt mörgum öðrum sveitum landsins varð Sölvadalur aldrei tengdur almenna raforkukerfi landsins. Þegar rafvæðing sveita hófst um miðja 20. öld náði það verkefni ekki til Sölvadals og áfram þurftu bændur í dalnum því að reiða sig á heimarafstöðvar sem nýttu vatnsafl úr ám dalsins. Þessi sérstaða varð til þess að íbúar þurftu um áratuga skeið sjálfir að annast viðhald og rekstur raforkukerfa sinna við oft mjög erfiðar aðstæður, sérstaklega yfir vetrartímann.

Náttúruhamfarir í Sölvadal hafa ítrekað haft áhrif á byggð í dalnum. Stórar skriður hafa fallið í dalnum, meðal annars árið 1866 við Björk og aftur árið 1934 austan megin í dalnum. Í Sölvadal hafa gengið yfir snjóflóð meðal annars á Ánastaði árið 1871 þar sem hús skemmdust og búfé fórst og á Draflastöðum árið 1877.

Í lok júní 1995 féll stór skriða nálægt bænum Þormóðsstöðum í Sölvadal í Eyjafirði. Leysingar voru með mesta móti og heimavirkjun við bæinn, sem hafði séð ábúendum fyrir rafmagni, gjöreyðilagðist í skriðunni. Afleiðingar urðu þær að ábúendur á Þormóðsstöðum fluttu í burtu í lok árs 1995.

Frá fyrri hluta 20. aldar tók byggð að dragast saman þegar bæir eins og Björk, Finnastaðir, Kerhóll, Ánastaðir og Seljahlíð fóru smám saman í eyði og um miðja öldina voru aðeins fá býli eftir í byggð í Sölvadal. Draflastaðir lögðust síðar af og undir lok 20. aldar stóðu einungis Þormóðsstaðir og Eyvindarstaðir eftir sem bæir í byggð í dalnum.

Í Sölvadal hefur búskapur verið stundaður í margar aldir við krefjandi náttúruskilyrði og samfélagið mótast af einangrun og sjálfsbjargarviðleitni, án raftengingar við landsnet og sterkra tengsla við landið. Byggð í dalnum hefur nú lagst af en dalurinn geymir mikilvægar minjar um búsetu og atvinnuhætti fyrri kynslóða í Eyjafirði.

Sölvadalur – söguleg tímalína

- um 900 – Talið er að byggð hafi hafist í Sölvadal á landnámsöld.
- 1871 – Umfangsmikið snjóflóð fellur á Ánastaði og veldur verulegu tjóni.
- 1877 – Snjóflóð á Draflastöðum veldur búfjártjóni.
- 1930-1935 – Býli byrja að fara í eyði, meðal annars Kerhóll, Finnastaðir og Björk.
- um 1960 – Rafvæðing sveitarinnar nær ekki til Sölvadals, heimarafstöðvar verða áfram grunnur raforkunýtingar í dalnum.
- 1954-1960 – Ánastaðir og Seljahlíð fara í eyði.
- Seinni hluti 20. aldar – Byggð heldur áfram að dragast saman og flest býli leggjast af í Sölvadal.
- 21. öld – Byggð í Sölvadal leggst af og mikilvæg byggða- og menningarsaga Eyjafjarðar er varðveitt í dalnum.

2.2 Forsendur breytinga

Fyrirtækið Arctic Hydro ehf. áformar að reisa vatnsaflsvirkjanir á tveimur stöðum í Sölvadal, annars vegar í Núpá (Núpárvirkjun) og hins vegar í Þormóðsstaðaá (Þormóðsstaðavirkjun). Núpárvirkjun verður allt að 7 MW og Þormóðsstaðavirkjun allt að 3 MW.

Arctic Hydro hefur sérhæft sig í þróun virkjanakosta á Íslandi fyrir raforkuframleiðslu og stendur fyrir frumhönnun, útfærslum og framkvæmdum á virkjanakostum víða um land. Langtímamarkmið Arctic Hydro er að skapa verðmæti til lengri tíma fyrir alla hluteigandi aðila. Markmið þess að setja upp tvær virkjanir í Sölvadal er að framleiða raforku með því að virkja vatnsaflið á hagkvæman hátt á forsendum umhverfisins.

Tilefni breytingar á aðalskipulagi er fyrirhuguð uppbygging á framangreindum virkjunum í Sölvadal. Nauðsynlegt er að afmarka svæði þar sem skilgreind landnotkun er *iðnaðarsvæði* fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu. Gert er ráð fyrir stöðvarhúsum, lónum, þrýstipípum og öðrum innviðum fyrir virkjanagerð. Gert er ráð fyrir að núverandi vegur inn dalinn nýtist sem vegtenging fyrir uppsetningu og þjónustu virkjananna en þó er einnig ráðgert að leggja þurfi einhverja vinnuvegi.

2.3 Staðhættir á skipulagssvæðinu

Eyjafjarðardalur er breiður og gróinn landbúnaðardalur umlukinn háum fjöllum og víðáttumikið beiti- og ræktunarlandsvæði. Eyjafjarðará rennur eftir dalnum endilöngum til sjávar við Eyjafjörð. Í dalnum eru margir sögufrægir staðir sem bæði koma fyrir í þjóðsögum og kirkjusögum landsins. Þar má nefna Möðruvelli, Granastaði og Munkaþverá eins og fyrr er getið. Eyjafjarðardalur teygir sig um 70 km inn til hálendisins suður frá botni Eyjafjarðar, í átt að Sprengisandi. Fjallgarður er beggja vegna dalsins og ganga margir inndalir út frá aðaldalnum, m.a. Sölvadalur þar sem bæði virkjanasvæðin eru fyrirhuguð.

Sölvadalur er um 25 km langur dalur, víður yst og þrengist þegar innar er komið þar sem hann er umlukinn bröttum hlíðum og fjöllum. Farið er inn í dalinn til austurs við bæinn Gnúpufell en sjálfur dalurinn liggur til suðurs, samsíða Eyjafjarðardal. Í Sölvadal eru fáir bæir og staðsetning bæja dreifð, sem má rekja til hversu afskekktur dalurinn er. Fyrir vikið var dalurinn aldrei tengdur við raforkukerfi Íslands og samgöngur voru erfiðar þar sem lítil sem engin vetrarþjónusta var á veginum inn dalinn. Náttúruvá þykir mikil í dalnum en skriðuföll og snjóflóð hafa verið skráð í sögu dalsins.

Þeir íbúar sem hafa haft búsetu í Sölvadal í gegnum tíðina voru lengi vel án rafmagns en studdust síðar við heimarafstöðvar eða heimavirkjanir. Þegar mest var, voru níu bæir í byggð en allir þeirra fóru í eyði á 20. öld.

Sölvadalur er í um 100 til 350 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem dalurinn hækkar nokkuð þegar innar er komið og hann verður þrengri. Þormóðsstaðir eru í um 340 metra hæð yfir sjávarmáli og Eyvindarstaðir eru í um 200 metra hæð yfir sjávarmáli. Báðir bæir standa á dalbotninum og eru innarlega í dalnum.

Árið 2021 var unnin fornleifaskráning fyrir Þormóðsstaði í Sölvadal vegna skógræktar. Ýmsar minjar voru skráðar á svæðinu og má þar sem dæmi nefna

- bæjarstæði og bæjarhóla við gömlu býlin,
- stekki og tengd búskaparmannvirki,
- gamla túngarða og garðlög,
- reykkofa (kolagerð-/selstengd mannvirki),
- leifar tengdar eldri búsetu og nytjum í landi Þormóðsstaða.


Ekki eru friðlýst náttúruverndarsvæði eða svæði á náttúruminjaskrá innan Sölvadals í Eyjafjarðarsveit.

2.4 Fyrirhugaðar virkjanir

Staðhættir í Sölvadal, þar sem dalurinn þrengist þegar innar er komið, henta vel fyrir uppbyggingu vatnsaflsvirkjana. Í Núpá í landi Eyvindarstaða var heimavirkjun, sem tekin var í notkun árið 1981. Virkjunin var reist af bændum á Eyvindarstöðum og Draflastöðum og þjónaði bæjunum tveimur.

Heimavirkjun á Þormóðsstöðum var byggð í kringum 1965 til að sjá Þormóðsstöðum fyrir rafmagni. Stór skriða úr Þormóðsstaðafjalli féll á heimavirkjun Þormóðsstaða árið 1995 og eyðilagði virkjunina. Eftir að virkjunin eyðilagðist hafði það veruleg áhrif á möguleika til búsetu og atvinnurekstrar á bænum. Eigendur jarðarinnar fóru fram á að fá tengingu við almenna raforkukerfið en sú ósk gekk ekki eftir. Sölvadalur var því áfram án tengingar við raforkukerfi landsins.

Fyrirhugað er að byggja upp vatnsaflsvirkjanir á þessum slóðum þar sem áður voru heimavirkjanir. Á yfirlitsmyndinni hér fyrir neðan má sjá hvar virkjanirnar eru fyrirhugaðar, bæði uppistöðulón, stöðvarhús og þrýstipípur.



Mynd 2-1 Yfirlitsmynd af fyrirhuguðum virkjunum í Sölvadal með fyrirvara um nákvæma útfærslu.

2.5 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 var sett fram stefna um skipulag í dreifbýli. og hvernig skipulagsáætlanir þurfi að stuðla að nýtingu orkulinda á umhverfisvænan hátt. Nánar kemur fram í kafla 2.5 eftirfarandi:

„Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.“

Uppbygging vatnsaflavirkjana í Sölvadal er í samræmi við áherslur landsskipulagsstefnu um að nýting staðbundinna orkulinda í dreifbýli sé heimil og í raun æskileg, að því gefnu að hún sé gerð á umhverfisvænan hátt. Er það sett fram sem skipulagsmarkmið að raforkuafhending sé skipulagsmarkmið Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem tenging við meginflutningskerfi er erfið og kostnaðarsöm á afskekktum svæðum eins og Sölvadal.

Markmið landsskipulagsstefnu, sjá hér fyrir neðan, sem samræmist skipulagsáætlun virkjana í Sölvadal, er að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda og öruggri búsetu í dreifbýli.

- Nýtingu orkulinda í dreifbýli
- Uppbygging flutningskerfis sem tryggi örugga afhendingu raforku

Landsskipulagsstefna 2024-2038 skapar skilyrði fyrir vatnsaflsvirkjanir og aðra orkunýtingu þar sem slík uppbygging samræmist markmiðum um sjálfbæra þróun og vernd umhverfis.

Í gildandi Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er ekki sérstök umfjöllun um Sölvadal eða stefnu varðandi uppbyggingu í Sölvadal heldur er vísað til stefnumótunar í aðalskipulagi sveitarfélaga. Í nýju Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2025–2037 kemur fram að Sölvadalur er skilgreint sem orkuöflunarsvæði I9 – Sölvadalur. Umfjöllun í aðalskipulagi byggir á áherslu Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og er í samræmi við gildandi landsskipulagsstefnu. Stefnan fjallar um helstu viðfangsefni sem tengjast nýtingu vatnsafls, þ.e.

- uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða, þar á meðal innviða fyrir orku, vatn og varma.
- sjálfbæra landnýtingu og samkeppnishæft atvinnulíf.
- vernd umhverfis, náttúru, landslags og líffræðilegrar fjölbreytni.
- viðbrögð við loftslagsbreytingum og stuðning við orkuskipti.

2.6 Svæðisskipulag

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 gildir fyrir Eyjafjörð og austari hluta Tröllaskaga. Í svæðisskipulaginu kemur fram að stuðla skuli að uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í Eyjafirði. Áhersla er lögð á að ákvarðanir og afstaða til einstakra virkjanakosta skuli koma fram í aðalskipulagi sveitarfélaga eða rammaáætlun. Það séu þau stjórntæki sem skuli fjalla um virkjanir og hvernig umfang, tilhögun og umsýsla vatnsaflsvirkjana sé háttað í hverju sveitarfélagi fyrir sig í samræmi við stefnu svæðisskipulags.

Í stefnu svæðisskipulagsins er áhersla lögð á raforku- og flutningskerfi með samræmingu sveitarfélaga á legu háspennulína og áhrif línulagna á landslag og byggð á svæðinu. Umfjöllun um raforku tengist flutningskerfi raforku og að treysta raforkukerfi svæðisins. Flutningslínur raforku og skipulag veitukerfa er skilgreint sem mikilvægt málefni fyrir sveitarfélögin að samræma á svæðisvísu. Litið er á flutningskerfi raforku sem sameiginlega innviði sem þurfi að þróa og styrkja miðað við eftirspurn og uppbyggingu í Eyjafirði.

Sérstök endurskoðun á svæðisskipulagi Eyjafjarðar var gerð árið 2019 vegna flutningslína raforku þar sem lagt var mat á valkosti línuleiða og sett fram samræmd stefna sveitarfélaganna.


Markmið endurskoðunar Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2019 var að stuðla að því að tryggja öruggt flutningskerfi raforku. Breytingin fjallar um að Eyjafjörður skuli hafa öruggar tengingar við landsflutningskerfið þar sem helst er litið til eftirfarandi atriða:

- Afhendingaröryggi raforku.
- Næg flutningsgeta.
- Möguleikar til atvinnuuppbyggingar og samfélagsþróunar.

2.7 Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2025-2037

Fram kemur í nýrri endurskoðun á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2025-2037 að vatnsaflsvirkjanir skuli vera skilgreindar á iðnaðarsvæðum eða nánar tiltekið á orkuöflunarsvæðum í sveitarfélaginu. Litið er jákvætt á áframhaldandi vatnsorkunýtingu í sveitarfélaginu þar sem sveitarfélagið leggur áherslu á að orkuþörf vegna atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu verði tryggð til framtíðar og að aðgengi að raforku sé fullnægjandi fyrir atvinnustarfsemi og íbúa.

Fjallað er um að við nýtingu vatnsafls séu skilgreind sérstök orkuöflunarsvæði fyrir núverandi og framtíðarvirkjanakosti. Þeir virkjanakostir sem eru tilgreindir í aðalskipulaginu eru Djúpadalsvirkjun I (I11), Djúpadalsvirkjun II (I12,) Sölvadalur (I9) (sjá mynd 2.2) og Tjarnarvirkjun (I8).



Mynd 2-2 Mynd úr Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2025-2037, sveitarfélagsuppdráttur.

Í aðalskipulagi kemur fram að mikilvægt sé að skoða möguleika á aukinni orkunýtingu í Núpá í Sölvadal í samræmi við áform í sveitarfélaginu varðandi orkuþörf og aðgengi að raforku. Svæðið er skilgreint sem I9, sem þörf væri á að þróa í samræmi við rennslismælingar á svæðinu.
Uppbygging vatnsaflsvirkjana í Sölvadal (Núpá) og skilgreiningar á iðnaðarsvæði sem orkuöflunarsvæði til að stuðla að auknu aðgengi að raforku og mæta eftirspurn eftir orkuþörf, er í samræmi við núverandi áherslur í endurskoðun Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2025-2037.

Tafla 2-1 Skilgreining í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2025-2037.

Númer	Heiti	Lýsing	Ákvæði
I9	Sölvadalur	Í Núpá Sölvadal er heimarafstöð, rennslismælingar gefa til kynna möguleika á stækkun.	Orkuöflunarsvæði

3 Efnistök breytinga á skipulagsáætlunum

Efnistök breytinga á aðalskipulagi er að afmarka svæði fyrir vatnsaflsvirkjanir. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á tveimur vatnsaflsvirkjunarkostum, í landi Eyvindarstaða annars vegar og í landi Þormóðsstaða hins vegar. Nánar tiltekið hafa þessir virkjunarkostir fengið vinnuheitin Þormóðsstaðavirkjun og Núpárvirkjun. Tillaga að deiliskipulagi er áformuð fyrir báðar virkjanir samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Fyrirhuguð Þormóðsstaðavirkjun hefur uppsett afl allt að 3 MW og Núpárvirkjun hefur uppsett afl allt að 7 MW.

Ráðgert er að virkjað fall í Núpárvirkjun verði um 125 m og að rekstarvatnsborð í lóni verði um 175 m y.s. Ráðgert er að virkjað fall Þormóðsstaðavirkjunar verði um 200 m og að rekstrarvatnsborð í lóni verði um 380 m y.s.

Gera skal grein fyrir eftirfarandi þáttum í breytingunni:

- Efnistaka, efnismagn og efnislosun.
- Stíflur og lónsvæði, virkjunarsvæðið sjálft.
- Stöðvarhús.
- Inntaksmannvirki.
- Þrýstipípur.
- Frárennslisskurðir.
- Samgöngur og aðgengi.
- Umhverfisáhrif.
- Tengivirki og önnur rekstrarmannvirki.

Endanleg hönnun og útfærsla verði sýnd á uppdráttum breytingar á aðalskipulagstillögu. Í breytingu á aðalskipulagstillögu verða skilgreindir skilmálar fyrir afmörkun iðnaðarsvæða fyrir vatnsaflsvirkjanir. Í aðalskipulagsgögnum fyrir breytinguna skal m.a. tilgreina eftirfarandi atriði:

- Skilgreining og skilmálatafla iðnaðarsvæða Þormóðsstaða- og Núpárvirkjunar.
- Almennir- og sérskilmálar fyrir uppbyggingu Þormóðsstaða- og Núpárvirkjunar.
- Mat á mögulegum umhverfisáhrifum Þormóðsstaða- og Núpárvirkjunar.
- Lýsing á framkvæmdum og mannvirkjum Þormóðsstaða- og Núpárvirkjunar.
- Skipulagsheimild, leyfi og stæði Þormóðsstaða- og Núpárvirkjunar.
- Vegir og helstu samgönguleiðir í tengslum við Þormóðsstaða- og Núpárvirkjun.
- Tengsl og tengingar Þormóðsstaða- og Núpárvirkjunar við aðrar áætlanir.

4 Umhverfis og áhrifaþættir

Gerð verður grein fyrir umhverfisáhrifum aðal- og deiliskipulagsbreytinganna í samræmi við greinar 4.4 og 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Uppbygging virkjana í Sölvadal falla undir 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Greinin fjallar um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í 1. viðauka laganna, lið 3.15, segir að vatnsorkuver með uppsett rafafl 200 kW eða meira séu tilkynningarskyld til HMS (flokkur B). Framkvæmdaraðili hyggst þó meta umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda eins og um væri að ræða framkvæmd í flokki A í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laganna. Samhliða skipulagsvinnu er því unnið að umhverfismati framkvæmdanna.

Í umfjöllun um efnistök hér á undan, kemur fram umfang framkvæmda sem verður fjallað um í mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda. Í umhverfisskýrslu með skipulagsbreytingunum verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 4.1. Matið mun byggja á fyrirliggjandi gögnum um grunnástand umhverfis, og eftir atvikum upplýsingum úr umhverfismati framkvæmdanna liggi þær fyrir.

Breytingarnar verða bornar saman við núverandi ástand, núllkost. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Tafla 4-1 Umhverfisþættir ásamt lýsingu.

Umhverfisþættir	Lýsing og viðmið
Samfélag	Möguleg áhrif á raforkumarkað og atvinnulíf auk hugsanlegra áhrifa á nálæga byggð og útivistarfólk.
Landslag og ásýnd	Breytt ásýnd lands. Við áhrifamat verður horft til viðmiða í náttúruverndarlögum og skipulagsáætlunum og öðrum stefnum.
Náttúrufar og dýralíf	Rask á gróðri og varpstaði fugla. Við áhrifamat verður horft til viðmiða í náttúruverndarlögum og alþjóðlegra samninga.
Vatnafar, vatnalíf og vatnshlot	Möguleg áhrif á vatnalíf og vatnafar, til að mynda á rennsli og fossa. Lagt verður fram áhrifamat vatnshlota þar sem horft verður til viðmiða í vatnalögum.
Jarðfræði og jarðmyndanir	Rask á landi og jarðmyndunum. Við áhrifamat verður horft til viðmiða í náttúruverndarlögum.
Fornleifar	Rask á landi, þar af mögulega á fornleifum. Við áhrifamat verður horft til viðmiða í lögum um minjavernd.
Loftslag	Áhrif skipulagsins á loftslag. Við áhrifamat verður horft til viðmiða í lögum og reglum, skipulagsáætlunum og annarra stefna.

5 Samráð og kynning

Skipulagslýsing er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem fram kemur að sveitarstjórn skuli taka saman lýsingu á skipulagsverkefni þar sem gera skuli grein fyrir því hvernig kynningu og samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila verði háttað.

Megintilgangur með gerð lýsingar er að tryggja snemmbært samráð og gagnsæi í vinnu við gerð skipulagsáætlana þannig að íbúar, umsagnaraðilar og aðrir hagsmunaaðilar geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg skipulagstillaga er mótuð.

Eftirfarandi er greining á þeim hagsmunaaðilum sem nú þegar hafa komið að verkefninu og þeim sem koma munu að því á seinni stigum:

- Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar
- Íbúar Eyjafjarðarsveitar
- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Rarik
- Landsnet
- Veitustofnanir

5.1 Skipulagsferli kynning og samráð

Skipulagslýsing þessi verður auglýst á Skipulagsgátt HMS þar sem umsagnaraðilum, hagaðilum og almenningi gefst tækifæri að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við lýsinguna.

Tafla 5-1 Yfirlit yfir mögulega tímaáætlun.

Tímaáætlun	Ferlið er áætlað sem hér segir (lágmarkstími):
10.2026	Tillaga að skipulagslýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir sveitarstjórn.
11.2026	Skipulagslýsing auglýst á Skipulagsgátt HMS.
01.2027	Skipulagsáð fjallar um ábendingar og athugasemdir, ef einhverjar eru og samþykkir viðbrögð við þeim.
04.2027	Aðal- og deiliskipulagstillögur á vinnslustigi lagðar fyrir skipulagsnefnd.
05.2027	Aðal- og deiliskipulagstillögur á vinnslustigi kynntar íbúum á opinberum fundi.
05.2027	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og ný deiliskipulagtillaga lögð fyrir sveitarstjórn.
06.2027	Skipulagstillögur auglýstar í Skipulagsgátt HMS.
07.2027	Skipulagsáð fjallar um ábendingar og athugasemdir, ef einhverjar eru, og samþykkir viðbrögð við þeim.
08.2027	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag lagt fyrir sveitarstjórn til samþykkis og auglýsingar.
10.2027	Samþykktar skipulagstillögur sendar til HMS.
11.2027	Gildistaka breytingar á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi auglýst í Stjórnartíðindum.

Tímaáætlun er háð tímasetningu funda hjá sveitarstjórn, fjölda athugasemda og ábendinga sem berast á kynningartíma og afgreiðslutíma yfirferðar. Þessir þættir geta haft þau áhrif að ferlið muni taka rýmri tíma en gert er ráð fyrir hér að ofan.

6 Heimildir

Teiknistofa Arkitekta, 2013. *Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024*.

Landslag, 2025. *Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2025-2037*.

Landslag, 2019. *Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030*.

Búnaðarsamband Eyjafjarðar 2021. *Fornleifaskráning vegna skógræktar á Þormóðsstöðum í Eyjafjarðarsveit*.

Skipulagsstofnun 2016. *Landsskipulagsstefna 2015–2026*.

Skipulagsstofnun 2024. *Landsskipulagsstefna 2024–2038*.

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson 1994. Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár.